

Alþingi  
Erindi nr. B 120 11311  
komudagur 9/4 1996

Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum 2. apríl 1996

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Verkalýðsfélags Vestmannaeyja um fyrirhugaðar breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar okkar er svohljóðandi:

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja lítur á umrætt frumvarp sem beina árás á samtök launafólks í landinu, þar sem ríkisstjórnin virðist ganga erinda fátta á kostnað fjöldans undir yfirskini lýðræðisástar og umhyggju fyrir lítilmagnanum.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja krefst þess að frumvarp þetta verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins leyft að semja um samskiptamál sín í friði.

F.h. Verkalýðsfélags Vestmannaeyja





# VERKALÝÐSFÉLAG VESTMANNAEYJA


MÍÐSTRÆTI 11 — SÍMI 2356 — PÓSTHÓLF 196

Vestmannaeyjum 3 apríl 1996

Háttvirtí alþingismaður.

Mér hefur verið falið að senda þér afrit af umsögn Verkalýðsfélags Vestmannaeyja um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Eins og þar kemur fram er þess krafist að frumvarp þetta verði dregið til baka. Ég vil skora á þig að stuðla að því að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga. Alþingismenn hafa mörgu þarfara að sinna en að leggja stein í götu launafólks, staða þess í íslensku þjóðfélagi er nóg slæm fyrir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verkalýðsfélags Vestmannaeyja

  
Jón Kjartansson, formaður

Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum 2. apríl 1996

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Verkalýðsfélags Vestmannaeyja um fyrirhugaðar breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar okkar er svohljóðandi:

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja lítur á umrætt frumvarp sem beina árás á samtök launafólks í landinu, þar sem ríkisstjórnin virðist ganga erinda færra á kostnað fjöldans undir yfirsikni lýðræðisástar og umhyggju fyrir lítilmagnanum.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja krefst þess að frumvarp þetta verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins leyft að semja um samskiptamál sín í friði.

F.h. Verkalýðsfélags Vestmannaeyja



**Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna  
í Vestmannaeyjum.**

*Miðstræti 11, 900 Vestmannaeyjar, sími 481-2356, fax 481-3036, netfang verkvest@ismennt.is*


Vestmannaeyjum 1. apríl 1996


Háttvirtu alþingismaður.


Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum boðaði til almenns fundar stéttarfélaga, sem aðild eiga að fulltrúaráðinu, þann 28. mars s.l. Tilefnið var frumvarp það sem lagt hefur verið fyrir Alþingi um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.


Á fundinum var samþykkt einróma ályktun sú er hér fylgir með í ljósriti.


Virðingarfyllst,  
stjórn FVV.

  
Jón Kjartansson, formaður  
(form. Verkalýðsfél. Vestmannaeyja)

  
Ragnheiður Viglundsdóttir, varaformdauur  
(form. Verkakvennafél. Snótar Vm.)

  
Rúnar Bogason, ritari  
(form. Sveinafél. járniðnaðarm. Vm.)

  
Guðrún Erlingsdóttir, gjaldkeri  
(form. Verslunarmannafél. Vm.)

  
Elías Björnsson, meðstjórnandi  
(Form. Sjómannafél. Jötuns Vm.)

## Ályktun

Fundur stéttarféлага í Vestmannaeyjum haldinn í Alþýðuhúsinu fimmtudaginn 28 mars 1996 mótmælir harðlega boðuðum breytingum á vinnulöggjöfnni sem felast í frumvarpi félagsmálaráðherra, þar sem megintilgangurinn er að rýra sjálfstæði stéttarfélaganna og ákvörðunarrétt félagsmanna þeirra. Allar fullyrðingar um annað bera vott um algjöra vanþekkingu á mál-efnum Verkalýðshreyfingarinnar.

Fundurinn varar við öllum tilburðum stjórnvalda í þá átt að skerða rétt launafólks og samtaka þess, og krefst þess að frumvarpið um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur verði dregið til baka.

Fundurinn skorar á allt launafólk og samtök þess að grípa til allra þeirra aðgerða sem þörf er á til þess hrinda af sér þessum yfirgangi ríkisstjórnarinnar og atvinnurekenda og sameini krafta sína til að snúa vörn í sókn. Það er löngu kominn tími til að undanhald liðinna ára verði stöðvað og að verkafólk geti snúið sér að því að taka upp baráttu fyrir mannsæmandi launum fyrir vinnu sína.